

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. febrúar 1970 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Aftan við 1. málsgrein 52. gr. reglugerðar bætist:

Stúdentar frá Kennaraskóla Íslands skulu við próf í forspjallsvísindum undanþegnir því að þreyta próf í sálarfræði. Hið sama gildir um stúdenta brautskráða úr öðrum menntaskólum, sem hafa lokið kennaraprófi í Kennaraskólanum.

Stúdentar þessir skulu því aðeins þreyta próf í rökfræði og heimspekisögu. Nú eru þessar greinar taldar 50% af forspjallsvísindum, og einkunnahlutfall á prófi er í samræmi við það. Skal því próftími þessara stúdenta vera 2 klukkustundir, og skulu þeir hljóta meðaleinkunnina 7 í þessum heimspekigreinum til þess að standast prófið.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. febrúar 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. febrúar 1970 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. 40. gr. A. 4. orðist svo:
Siðfræði og félagsleg siðfræði.
2. 40. gr. A. 5. c. orðist svo:
Saga guðfræðinnar.
3. 40. gr. A., síðasta málsgrein, verði svohljóðandi:
Stúdentar skulu semja sex ræður, flytja tvær messur að loknu námi í tónflutningi og framsögn, taka stöðugan þátt í æfingum í barnaspurningum eitt kennslumisseri, taka þátt í kirkjulegu barna- og æskulýðsstarfi samkvæmt ákvæðum deildarinnar eitt misseri, starfa við sjúkrahús eða aðra félagslega stofnun um tveggja mánaða skeið og sækja námskeið í sálslýðisfræði samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.